

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur staðið fyrir námskeiðum til sjálfsefingar.

## Verkefni hjá

## MSS

Um er að ræða verkefniskúrs hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum þar sem nemendur takast á hendur hagnýt verkefni sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið.



## Við leitum að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar leggja til framlag í formi fjárhæðar sem notuð er til að kaupa hettupeysur fyrir öll 12 ára börn á Suðurnesjum.

Hettupeysurnar verða merktar með slagorðinu „Stopp einelti“. Hópurinn mun síðan sjá um dreifingu á peysunum þegar þær koma úr framleiðslu. Leitað verður til þriggja aðila um verð á peysum.

Vörumerki/lógó samstarfsaðila geta ekki verið á peysunum en sérstök umfjöllun um samstarfsaðila verður á vef verkefnisins.

**STYRKJA VERKEFNI** [PETUR@PROMIS.IS](mailto:PETUR@PROMIS.IS)



## Áætlað er að um 20% skóla- barna verði fyrir einelti

Kjarninn í ofangreindu er sá að um margskonar einelti er að ræða, allt frá stríðni og til neteineltis.

# Vertu með í að vinna gegn einelti og bætum þannig samfélagið okkar.

### Gefum peysur

Öll 12 ára börn á  
Suðurnesjum.....



Markmiðið með verkefninu er að vekja athygli á hættunni sem einelti skapar. Öll 12 ára börn á Suðurnesjum fá hettupeysur. Um 450 börn.

um 450 börn eru skráð í 12 ára bekk

**STOPP  
EINELTÍ**

Aðsetur:  
Miðstöð símenntunar  
Krossmói 6, 260 Reykjanesbær

Samband:  
Pétur: 611 4700  
Skrifstofa: 421 7500

Vinum gegn einelti | Þitt framlag skiptir máli

# Einelti drepur

Við vekjum athygli á einelti. Öll 12 ára börn á  
Suðurnesjum fá afhentar hettupeysur!

Vertu með í að vinna gegn einelti

Þú getur tekið þátt með því í að leggja fé til kaupa á hettupeysum sem öll 12 ára börn á Suðurnesjum fá gefins.

🔍 Fjölmörg slæm eineltismál koma upp á hverju ári á meðal barna og unglinga

## Legðu fé til góðra verka

### Kostnaður við verkefnið er um 2.5 milljónir króna

Kostnaðurinn þarf að dekkja kaup á 450 hettupeysum, flutningskostnað, merkingu með slagorði og grafík ásamt dreifingu í skóla.

#### Af hverju einelti?

Hópurinn var sammála um að læra með því að framkvæma. Allir voru á einu máli um að gera eitthvað jákvætt fyrir samfélagið. Niðurstaðan var að vekja athygli á einelti.

Við leitum um því upplýsinga um málefnið og fundum út að meira mætti gera í forvörnum varðandi einelti. Hópurinn er stór, allt frá ungum skólabörnum og upp í fullorðna starfsmenn fyrirtækja og stofnana.

Markmiðið með verkefninu er að vekja fólk til umhugsunar um alvarleika ofbeldis sem einelti er. Öll 12 ára börn á Suðurnesjum fá hettupeysu að gjöf með slagorðinu „Stopp einelti.“

Verkefni sem þetta hefur fjölmarga útgangspunkta og efni þess er tilvalið í áframhald á umfjöllun um málefnið einelti - með svipuðum verkefnum í framtíðinni.



Fjármögnun fer öll í gegnum MSS

### Samstarfsaðilar verkefnisins leggja styrktarfé inn á reikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum

Reikningsnúmer er 121-26-5602. Kennitala: 560298-2349. Merkja: v. hettupeysa

🔍 Markmiðið er að vekja athygli á því samfélagsmeini sem einelti skapar fyrir kynslóðir á kynslóðir ofan

## Hvers vegna & af hverju?

Við höfum sett upp vef til að vekja athygli á einelti og forvarnaverkefninu.

[www.einelti.webdev.is](http://www.einelti.webdev.is)




#### Hver er ábyrgð samfélagsins?

Við gerum kröfu um að ríki og sveitarfélög sinni málefnið með skipulegum hætti og til framtíðar



#### Hvað gerist inni á heimilunum?

Við leggjum áherslu á fræðslu inn á heimilin. Markmiðið er að vekja foreldra til umhugsunar um einelti



#### Hvernig er staðan í samfélaginu?

Eineltisforvarnir eru lýðheilsu- og einelti hefur áhrif á lífsgæði og heilsu bæði þolenda og gerenda.

🔍 Við leggjum áherslu á að það eru bæði gerendur og þolendur sem þurfa hjálp

## Hvernig er verkefnið unnið?

### Skiptum með okkur verkum

Hópurinn sér um mismunandi þætti í verkefninu, framkvæmdastjórn, innkaup og markaðsmál.



Öflugur hópur þátttakenda

### Fjöl- breytt reynsla

Verkefnishópurinn samanstendur af reynsluríku fólki af Suðurnesjum

Nemendahópnum er skipt upp í fjögur mismunandi svið. Einn hópur skoðar verð og gæði á hettupeysum, annar hópur kemur með tillögu að ferlum við framkvæmd verkefnis og þriðji hópurinn sér um markaðsmál.

Fjórdi hópurinn sér um að upplýsa samstarfsaðila um stöðu verkefnis með umsjón vefsíðu og gerð bæklinga fyrir fjármögnun.